

**Ed.**

## **249. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrjú skólar á landi hér, er veita bændafnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandsundirlendi.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður skólanum stað, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsg. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsg. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsg. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

### **Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.**

Eftir gildistöku laga þessara skal, svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfshætti hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.